

SKÓLAR OG LÝÐRÆÐI

Guðmundur Heiðar Frímannsson. (2018). *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 298 bls.

Frá árinu 1974 hefur lýðræði verið yfirlýst markmið íslensks skólakerfis og þegar árið 1946 var hugmyndin eða hugsjónin um lýðræði notuð til að réttlæta skipulag þessa sama kerfis. En hvað er lýðræðislegur skóli? Þótt íslensk skólasaga sé öðrum þræði áttakasaga hefur lítið verið tekið á um lýðræði sem markmið og starfshætti skóla. Þetta er veikleiki í íslenskri umræðu um skóla og menntun. Það orðalag um lýðræði sem birtist í lögum um grunnskóla árið 1974 var tuggið upp í nýjum lögum og námskrám allt fram til 2007 og lítil tilraun gerð til að gefa því merkingu. Á endanum var það varla annað en dauður bókstafur. Margt í námskránum frá 1999 og 2007 gekk beinlínis í berhögg við hugsjónina um lýðræðislegan skóla. Og þótt lýðræði hafi verið endurvakið af nokkrum þrótti með nýrri aðalnámskrá árið 2011 þá mun það aftur verða deyfð og dauða að bráð ef ekki er tekið á um það. Þess vegna er bók Guðmundar Heiðars Frímannssonar, *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*, ekki bara skemmtilegt og áhugavert innlegg í íslenska skólaumræðu, hún er beinlínis nauðsynleg til að halda lífi – og þar með bæði viti og biti – í hugmyndinni um að skólar hafi sérstöku lýðræðislegu hlutverki að gegna.

AÐFERÐIN

Í inngangi að bókinni segir Guðmundur Heiðar m.a.: „En það er líka ástæða til að taka fram í upphafi að tilgangurinn með þessum bókarskrifum er ekki endilega að sannfæra lesendur heldur miklu fremur að fá þá til að hugsa sjálfir um efnið“ (bls. 11). Í samræmi við þetta markmið tekur umræðan í bókinni á sig form sífelldrar rökræðu. Lesanda kann að koma þessi aðferð spánskt fyrir sjónir og þykja hún jafnvel ruglingsleg en Guðmundur Heiðar er menntaður heimspekingur og í bókinni þjónar þessi heimspekilega aðferð, rökræðan, tvenns konar tilgangi: Annars vegar er það fyrst og fremst í gegnum gagnrýnar rökræður sem inntak hugmyndanna birtist með skýrum hætti, og hins vegar eru bestu rökin fyrir hugmynd þau að hún standist beittustu gagnrýnina.

EFNISTÖKIN

Bókin skiptist í sjö kafla auk stutts inngangs þar sem Guðmundur Heiðar ræðir m.a. um orðanotkun, enda er hún talsvert á reiki í íslenski umræðuhefð. Hann rekur stuttlega sögu tveggja orða og segir m.a.: „Orðin *þegn* og *borgari* eru gömul í málinu. Sumir vilja gera merkingarmun á þessum orðum á þeirri forsendu að borgari er sá sem býr við lýðræðisskipulag en þegn er undirsettur konungi eða einvaldi og getur þess vegna ekki verið borgari“ (bls. 7). Af þessum ástæðum virðist eðlilegra að tala um *borgaramenntun* frekar en *þegnskaparmenntun* í íslensku samfélagi. En eins og Guðmundur Heiðar bendir á þá er málið ekki alveg svo einfalt. Hann vitnar til franska heimspekingsins Jeans-Jacques Rousseau til að undirstríka að þessi tvönn konar hlutverk eru ekki klippt og skorin. Í bókinni *Samfélagsáttmálinn* segir Rousseau á einum stað: „Þeir sem hlut eiga að máli taka sér í sameiningu nafnið þjóð og kallast borgarar í krafti hlutdeildar sinnar í fullveldisstjórninni en þegnar þegar litið er á þá sem setta undir lög ríkisins“ (bls. 9). Samkvæmt þessum skilningi á hugtökunum um borgara og þegn ætti borgaramenntun að hafa talsvert annað markmið en þegnskaparmenntun. Á hinn bóginn er fólk sem býr við lýðræði ævinlega bæði í stöðu borgara og þegns; tekur þátt í stjórn samfélagsins um leið og það er sett undir lög þess. Því verður ekki horft fram hjá þeirri togstreitu sem af þessu stafar. Hið sama á við um nemendur í skóla, jafnvel þar sem raddir þeirra fá að hljóma og þeir fá að taka ábyrgð á eigin námi; þeir eru í senn við stjórnvölinn og settir undir yfirvald.

Umræðunni um merkingu þess að vera borgari er haldið áfram í upphafi 3. kafla bókarinnar þar sem Guðmundur Heiðar setur hana í hugmyndasögulegt samhengi. Upphaf þessa kafla (bls. 63–68) er gott dæmi um hversu mikilvægt það er að huga vandlega að merkingu og rótum þeirra orða sem notuð eru.

Áður en kemur að meginefni bókarinnar, borgaramenntun, ver Guðmundur Heiðar heilum kafla í umræðu um ólíkar hugmyndir um lýðræði (kafla 2, bls. 15–61). Einhverjum lesanda kann að finnast vel í lagt að taka 46 blaðsíður undir umræðu um eitt hugtak sem er svo hversdagslegt að það er á hvers manns vörum. En það er einmitt vandinn. Þótt orðið sé hversdagslegt er merking þess mjög á reiki, það merkir kannski ekki annað en „eitthvað jákvætt“ og því verður umræðan um lýðræðislegt hlutverk skóla stundum innantóm. Ef sagt er að skóli eigi að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, þá er merkingin gjörólík eftir því hvort lýðræði er hér skilið í anda frjálslynds lýðræðis (bls. 34) eða rökræðulýðræðis (bls. 35). Til viðbótar við ólíkar kenningar um lýðræði skiptir annar greinarmunur máli þegar reynt er að átta sig á lýðræðislegu hlutverki skóla. Guðmundur Heiðar lýsir honum svo:

Það má líta á lýðræði sem félag meðlima sinna, sem ákveðinn hátt á að stjórna og sem menningu ... Sem menning er lýðræði jarðvegurinn sem stofnanirnar, rökræðurnar og stjórnunin sprettur úr. Þegar við ræðum um meirihlutareglu, almennan atkvæðisrétt, kosningar eða mannréttindi má orða það svo að við séum að lýsa lýðræðinu sem ytri veruleika. En það að líta á lýðræði sem menningu er viðleitni til að tengja lýðræðið við hugsunarhátt okkar sjálfra, viðhorf okkar og viðbrögð, við innri veru okkar hvers og eins. (bls. 51)

Guðmundur Heiðar ræðir nokkuð ítarlega um lýðræði sem innri veruleika, m.a. með vísun í hugmyndir Deweys sem hann tengir svo aftur í tímann við hugmyndir Rousseaus

um almannaviljann og fram í tímann við samtímakenningar um félagsauð (bls. 55). Greinarmunurinn á innri og ytri veruleika lýðræðis birtist aftur síðar í bókinni þegar Guðmundur Heiðar hefur fært sig af akri hugmyndanna og inn í kennslustofuna (bls. 200).

Fyrstu þrír kaflarnir, „Inngangur“, „Lýðræði og skólar“ og „Frjálslyndi, borgaravitund og þjóðerni“ fjalla um viðfangsefni bókarinnar með almennum hætti. Guðmundur Heiðar setur viðfangsefnið í sögulegt og hugmyndafræðilegt samhengi og finnur því auk þess stað í íslenskri skólasögu. Í næstu tveim köflum þrengir hann sjónarhornið og tekur fyrir tvo þætti borgaramenntunar: gagnrýna hugsun og sjálfræði. Þetta finnst mér mjög vel heppnað. Hugmyndirnar og hugtökin sem umræðan hvílir á eru svo víðtæk að auðvelt er að missa sjónar á kjarna málsins, sem í þessu tilviki er starf í skólum. Þess vegna er mikilvægt að þrengja sjónarhornið þegar búið er að gera almenna grein fyrir lykilhugtökunum og þá er einmitt vel við hæfi að beina sjónum sérstaklega að þessum tveimur þáttum, gagnrýninni hugsun og sjálfræði.

Í umræðu um menntun hefur gagnrýnin hugsun verið nokkuð áberandi, ekki síst meðal heimspekinga. Þessi kafli er sjálfur mjög gott dæmi um gagnrýna hugsun þar sem Guðmundur Heiðar fer bæði yfir hugmyndir annarra um gagnrýna hugsun og ræðir síðan þrenns konar kenningar um hvað það sé að hugsa gagnrýnið: ferlakenningar (bls. 129–130), þrepakenningar (bls. 131–132) og færnikenningar (bls. 132–135). Tveimur fyrri hugmyndunum hafnar hann en vandinn við að taka afstöðu til færnikenna er m.a. sá að það er svo óljóst hvað meint er með „færni“. Síðar í kaflanum fjallar Guðmundur Heiðar um það hvernig gagnrýnin hugsun veltur ekki bara á færni eða tækni heldur einnig á hugarfari. Oft er horft fram hjá þessu atriði í umræðu um gagnrýna hugsun en Guðmundur Heiðar dregur vel fram hversu mikilvægt það er. Að vera gagnrýninn hugsuður felst ekki bara í að tileinka sér færni, heldur einnig að móta viðhorf sín og gildi.

Næsti kafli bókarinnar fjallar um sjálfræði, eitt af þessum hugtökum sem reynast því sleipari sem reynt er að grípa fastar um þau. Eins og endranær er umfjöllunin gagnrýnin, Guðmundur Heiðar setur umræðuna í sögulegt samhengi, þar sem vísanir í Immanuel Kant og John Stuart Mill skapa viðeigandi útgangspunkt, og færir sig svo yfir í samtímakenningar um efnið, bæði um sjálfræði sem slíkt og um uppeldi til sjálfræðis. Guðmundur Heiðar segir að sjálfræði sé samsett úr þrenns konar þáttum: „skynsemisþætti, myndugleikaþætti eða hæfi til að taka ákvörðun og framkvæma hana og að síðustu að ástæður þess sem við ákvæðum og gerðum væru okkar“ (bls. 175). Þessi skilningur á sjálfræði er innan hefðar sem rekja má til Kants. Þegar hann svo lýsir uppeldi til sjálfræðis liggur þessi skilningur til grundvallar: „Í uppeldi og menntun viljum við að börn og unglingar nái því stigi í þroska að þau öðlist sjálfræði, að þau geti réttilega sagt að þau séu höfundar eigin lífs, og að séreðli þeirra sjálfra fái að njóta sín í þeirra eigin ákvörðunum“ (bls. 178). Spurningin um uppeldi til sjálfræðis verður svo: „Hvernig ná börn og unglingar þessu stigi?“ (bls. 178).

Þótt ég sé í flestu sammála Guðmundi Heiðari um inntak og mikilvægi sjálfræðis, þá má velta því fyrir sér hvort sjónarhornið sé kannski of þröngt. Í stað þess að spyrja „Hvernig getur barn orðið sjálfráða?“ hefði einnig mátt spyrja „Í hvernig umhverfi getur barn verið sjálfráða?“ Í stað þess að horfa fyrst og fremst á barnið, skynsemi þess, getu og þekkingu, þá hefði mátt gefa umhverfinu meiri gaum. Oft þurfum við stuðning til að geta ráðið okkur sjálf, þ.e. sjálfræði okkar (eða skortur á því) veltur þá ekki bara á okkar eigin getu heldur

einnig á þeim stuðningi sem okkur býðst (eða skorti á honum). Þetta á augljóslega við um börn en líka fullorðið og fullveðja fólk. Uppeldi til sjálfræðis eftir þessum hugmyndum mun vissulega innihalda þá þætti sem Guðmundur Heiðar nefnir, en líka þætti eins og að læra að leita sér aðstoðar og nota aðstoð þegar hún býðst. Annað atriði sem skiptir máli í þessu sambandi er að hver manneskja ber ekki bara ábyrgð á eigin sjálfræði, heldur verður sjálfræði að hluta til sameiginleg gæði. Lýðræðislegur skóli er, samkvæmt þessari hugmynd um sjálfræði, skóli þar sem börn og fullorðnir njóta stuðnings og læra bæði að nýta sér stuðning annarra og veita öðrum stuðning þegar á þarf að halda.

Í sjötta kafla bókarinnar beinir Guðmundur Heiðar sjónum sínum að skólastarfi, reifar hugmyndir um sókratíska samræðu og notagildi hennar, auk þess að fjalla um nýlegar hugmyndir um mikilvægi þess að raddir barna fái að heyrast og hafa áhrif á nám og aðstæður barna í skólum. Þessi kafli er án efa „praktískasti“ kafli bókarinnar. En þótt þessi kafli gæti staðið sjálfstæður, þá er erfitt að átta sig fyllilega á hinum praktísku atriðum nema sjá þau í því samhengi sem bókin leggur til. Það er mikilvægt að hlusta á raddir barna, ekki bara vegna þess að alltaf eigi að hlusta á börn, heldur líka vegna þess að það er sérstaklega mikilvægt fyrir borgaramenntun, m.a. vegna þess að það er mikilvægur þáttur í því að börn þroski með sér sjálfræði og gagnrýna hugsun.

Næstsíðasti kafli bókarinnar er kannski sá skemmtilegasti vegna þess að þá leyfir Guðmundur Heiðar sér að leggja allt undir. Hann veigrar sér ekki við að efast um allt meginerindi bókarinnar og stefna í voða því sem umræðan í undangengnum köflum virðist hafa skilað: Getur verið að sjálf hugmyndin um borgaramenntun – eða allavega sú skoðun að slík menntun sé mikilvæg – sé hreinlega byggð á misskilningi? Guðmundur Heiðar svarar þessari spurningu með eftirfarandi orðum: „Rannsókn á þessum röksemdum [gegn borgaramenntun] er bæði nauðsynleg og lærdómsrík því að með henni ætti að vera hægt að skýra hugmyndina um borgaramenntun“ (bls. 231). Svona kafla mætti vitaskuld skrifa til málamynda, binda upp nokkra strámenn og tæta þá síðan í sundur. En Guðmundur Heiðar er ekki á þeim buxunum, heldur tekur hann fyrir veigamiklar og vel rökstuddar röksemdir gegn borgaramenntun. Hér má t.d. nefna bæði andmæli Kristjáns Kristjánssonar þess efnis að hið siðræna verði að koma á undan hinu pólitíska og röksemdir úr allt annarri átt þess efnis að engar dygðir séu til (og þótt þær væru til þá hefðu skólar ekki áhrif á þær). Með því að rökræða þessi andmæli, og draga fram vitið í þeim og setja fram viðeigandi mótrök, fær lesandinn enn betri skilning á þeim hugmyndum sem Guðmundur Heiðar talar fyrir í bókinni. En lesandinn fær líka í hendurnar margvíslegan efnivið til að hugsa sjálfur um efnið. Síðasti kaflinn er svo samantekt á efni bókarinnar á níu blaðsíðum.

HIÐ HUGMYNDAFRÆÐILEGA OG HIÐ PRAKTÍSKA

Stundum er látið að því liggja að umræða um hugmyndir sé síður hagnýt eða praktísk en umræða eða þjálfun í aðferðum. Vegna þess hvernig Guðmundur Heiðar fléttar saman umræðu um aðferðir og umræðu um hugmyndir, og lætur heimspekilegar vangaveltur speglast í reynslurökum sem byggjast á empirískum rannsóknum, nær hann að draga vel fram hvernig allt þetta hangir þétt saman. Lítið vit er í því að tala um aðferðir ef ekki er ljóst á hvaða hugmyndum þær hvíla. Þannig verður samræða sem aðferð gjörólík eftir því

hvort litið er á nemendur sem þegna (setta undir vald kennarans) eða borgara (fullgilda aðila að lærdómssamfélagi). Lýðræðislegir starfshættir birtast í gjörólíku ljósi eftir því hvort litið er á lýðræðið sem ytri veruleika skólastarfsins (umgjörð) eða sem innri veruleika (menningu). Og þetta gengur líka í hina áttina, það er til lítils að tala um hugmyndir um menntun og skólastarf, lýðræði og sjálfræði, ef það er ekki tengt við raunverulegt starf í skólum. Kannski er stærsti kosturinn við bók Guðmundar Heiðars hvernig hið hugmyndafræðilega og hið praktíska er fléttað saman.

UM HÖFUNDINN

Ólafur Páll Jónsson (opj@hi.is) er prófessor í heimspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk meistaraprófi í heimspeki frá Háskólanum í Calgary í Kanada og doktorsprófi í sömu grein frá MIT í Bandaríkjunum. Ólafur Páll hefur skrifað fjölda greina um heimspeki menntunar, einkum um lýðræði, réttlæti og menntun án aðgreiningar. Hann hefur einnig gefið út nokkrar bækur, m.a. *Lýðræði, réttlæti og menntun* (Háskólaútgáfan, 2011).